

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Brúarhvammur, lóð 1, L167225 og lóð 2, L174434.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi Brúarhvamms, lóðar 1 og 2. Breytingin felur í sér að felld er út byggingarheimild fyrir 30 fm geymsluskúr innan byggingarreits í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 112/2019. Þá er gert ráð fyrir breyttri skiptingu lóða innbyrðis auk þess sem byggingarheimild er skilgreind á nýjan hátt án þess að heildar fermetrafjöldi sé aukinn. Samkvæmt núverandi skipulagi er gert ráð fyrir 500 fm gistiheimili á lóð 2. Með breyttu skipulagi verður heimild fyrir 10 smáhýsum allt að 50 fm að stærð hvert, innan lóðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Sólbraut 7, L188593.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi að Sólbraut 7, L188593 í Reykholti. Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit um 3 metra til norðausturs. Byggingarreitur verður eftir breytingu 7 metra frá lóðarmörkum í stað 10 metra.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. janúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2021